



Blönduósi, 4.3.2024

**Matvælaráðuneytið
Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur
á skrifstofu sjávarútvegs**

Efni: Húnabyggð – byggðakvóti – sérstök skilyrði

Tilvísun í mál: MAR23110195

Með vísan til 3.gr. reglugerðar nr 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2023/2024, þá eru meðfylgjandi tillögur Húnabyggðar um sérreglur:

- a). Ákvæði 1. máisl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipta 100% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli beirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr.
- b) Ákvæði 1. máisl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skilt að landa þeim aflu sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024 í Blönduós-eða Skagastrandarhöfn.
- c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð með póstfang og lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.
- d) Ákvæði 1. máisl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð póstfang og lögheimili í sveitarfélagini.
- e) Veitt verði undaþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglug., en fiskiskipum verði eftir sem áður skilt að landa í byggðalaginu, samkv. ákvæði b) hér að ofan. Forsenda þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aftétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á þessum stöðum, Húnabyggð/Skagaströnd, þrátt fyrir umleitanir og viðræður þar um.

Rökstuðningur, vegna sérstakra skilyrða og breytinga á 1. gr., 4. gr., og 6. gr., reglugerðar.

- Sveitarstjórn Húnabyggðar mótmælir því harðlega að ekki séu veittar auknar veiðiheimildir til sveitarfélagsins. Atvinnustarfsemi í sveitarfélagini og á Norðurlandi vestra standa höllum fæti og þessi landshlut í undir högg að sækja. Þrátt fyrir mótmæli á síðasta veiðíári þar sem nágrannasveitarfélög fengu aukningu á sínum byggarkvóta hefur ekkert gerst hvað Húnabyggð varðar og úthlutun þessa árs er sú sama og síðast. Húnabyggð skorar á Matvælaráðuneytið að leiðréttu þennan mismun milli sveitarfélaganna samstundis.

Úthlutun byggðarkvóta til Húnabyggðar



- Þar sem hafnaraðstæður eru betri á Skagaströnd, og styttra á miðin, þá hafa útgerðir með lögheimili í Húnabyggð, gert út og landað afla sínum á Skagaströnd, en ekki hefur verið raunveruleg fiskvinnsla í þessum byggðalögum um nokkurra ára skeið.
- Húnabyggð og sveitarfélagið Skagaströnd eru nú talin vera eitt atvinnusóknarsvæði sem eru í umtalsverðu samstarfi, m.a. á sviði atvinnumála og ýmiskonar þjónustu.

Þannig samþykkt á 51. Fundi byggðarráðs Húnabyggðar, undir 3. lið á dagskrá, þriðjudaginn 19. desember 2023, en allar ábendingar um útfærslur í auglýsingu eru vel þegnar.

Virðingarfyllst,
f.b. Húnabyggðar

Pétur Árason,
Sveitarstjóri